

# Bókasafn Mosfellsbæjar

Ársskýrsla 2024



- ÍSLENSK BOKMENNTA SAGA 874-1960
- TOMORROW, AND TO
- AD VE
- Litgreining og still Heiðaf Jónsson
- Góðmundur Jóhannsson og Magnús Björnsson Ættir
- GUÐMUNDUR MAGNÚSSON ÍSLENSK ÆTTAR
- NAGLAS
- Dr. Alejandro Junger
- STONE
- ALEX ROVIRA FERNANDO TRIAS DE BES ÞU ERT GÆFU S
- Hugræn e Petur Guðjónsson
- TÆRNAR SPEGILL

## Um bókasafnið

Bókasafn Mosfellsbæjar er rekið af Mosfellsbæ og starfar samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn frá 2012. Listasalur Mosfellsbæjar fellur undir starfsemi Bókasafnsins.

Til þess að fá aðgang að safnkostinum þarf bókasafnsskírteini. Frá 9. ágúst 2017 hafa skírteini staðið Mosfellingum til boða án endurgjalds. Handhafar skírteinis geta fengið að láni bækur, hljóðbækur, tímarit, tónlistardiska, kvikmyndir og borðspil. Að auki stendur skírteinishöfum til boða að fá óhefðbundinn safnkost að láni svo sem plokktangir og bókunarform.

Pau sem eiga gilt skírteini hjá Bókasafni Mosfellsbæjar geta jafnframt fengið bækur og tímarit að láni á Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að bjóða almenningi upp á aðgang að fjölbreyttu úrvali raf- og hljóðbóka. Rafbókasafnið aðgengilegt lánþegum nær allra almenningsbókasafna á Íslandi eða 62 söfnum.



Frá aldamótum hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Bókasafns Mosfellsbæjar, Borgarbókasafns Reykjavíkur og Bókasafns Seltjarnarness. Þannig gildir bókasafnsskírteini Bókasafns Mosfellsbæjar einnig í Borgarbókasafni og Bókasafni Seltjarnarness, hægt er að panta safnefni frá samstarfssöfnunum tveimur og sækja í Bókasafn Mosfellsbæjar, og einnig er hægt að skila safnefni safnanna þriggja í öllum söfnum eða útibúum svæðisins. Þetta samstarf stóreykur þá þjónustu sem söfnin þrjú geta boðið upp á og hefur mælst vel fyrir.

Samfara innleiðingu nýs bókasafnskerfis á árinu 2021 var samstarf almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu aukið enn frekar og skírteini sem gefið er út í einu safni gildir í þeim öllum.

Í bókasafninu er boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir börn og fullorðna, aðgengi að tölvum og prenturum, góða lesaðstöðu fyrir námsmenn og rými fyrir hópavinnu.

Íbúar Mosfellsbæjar eru ánægðir með bókasafnið sitt og hafa oft á orði hve gott viðmót starfsfólks þess er. Bókasafnið er sannarlega þriðji staðurinn í samfélaginu, staður sem er hvorki heimili né vinna/skóli, og fjöldi íbúa leggur leið sína í safnið, les dagblöð og fær sér kaffibolla, nýtur samveru við börn sín í barnahorni og spjallar við náungann.

Fastráðnir starfsmenn voru 9 á árinu í 5,93 stöðugildum. Auk þess voru fjórir starfsmenn í tímavinnu. Starfsmannafundir voru að jafnaði haldnir hálfsmánaðarlega.

Forstöðumaður Bókasafns Mosfellsbæjar er Auður Halldórsdóttir.



## Opnunartími

Bókasafnið er opið gestum milli kl. 9 og 18 alla virka daga. Milli kl. 9 og 12 er ekki mönnum afgreiðsla í safninu. Gestir nýta þá sjálfsafgreiðsluvél safnsins til að taka bækur og skila, námsmenn nýta aðstöðu safnsins til lestrar og gestir glugga í dagblöð og tímarit. Morgunopnun án afgreiðslu hefur verið við lýði síðan í ársbyrjun 2020. Þessi opnun hefur gengið vandkvæðalaust og notið vinsælda meðal gesta. Á laugardögum er bókasafnið opið 9-16.

## Viðburðir 2024

Fjölbreyttir menningarviðburðir eru hluti af starfsemi safnsins.

*Breytingaskeiðið á mannamáli* var yfirskrift fræðsluerindis Halldóru Skúladóttur, breytingaskeiðsráðgjafa og markþjálfara, sem haldið var í apríl. Í maí var boðið upp á fræðslu um erfðarétt og erfðamál með Elísabetu Pétursdóttur, lögmanni hjá Lögfræðipjónustu Hafnarfjarðar. Elísabet fór yfir ýmis hagnýt atriði er varða erfðarétt, s.s. helstu erfðareglur, hvernig standa ber að erfðaskrá, hvaða atriði algengt er að erfðaskrá fjalli um og hvaða heimildir einstaklingur hefur sem situr í óskiptu búi. Sindri „Sparkle“ Freyr heimsótti bókasafnið í ágúst, og var með sprenglæðilegt en jafnframt fróðlega uppstand um fjölbreytta flóru hinsegin fána. Viðburðinn var haldinn í tengslum við Hinsegin daga.



Skáldin og sviðslistakonurnar Eva Rún og Ragnheiður Harpa stýrðu ritsmiðju þar sem þemað var að skrifa út frá staðsetningu. Smiðjan fór fram tvo laugardaga í október og kynntust þátttakendur fjölbreyttum hliðum skapandi skrifa og lærðu að nýta hin ýmsu tól úr verkfærakistu höfundarins.



Glæpaspjall í Bókasafni Mosfellsbæjar fór fram 11. október. Þá leiddi Katrín Jakobsdóttir spjall við glæpasagnahöfundana Ragnar Jónasson og Yrsu Sigurðardóttur undir yfirskriftinni „Er eitthvað nýtt að fréttu af íslenskum glæpasögum?“ Þau spjölluðu um nýjar bækur Ragnars og Yrsu og væntanlega sjónvarpsþætti byggða á bókum þeirra. Viðburðurinn var haldinn í tengslum við 25 ára afmæli Hins íslenska glæpafélags.

Um 200 gestir hættu sér út í vetrarkuldann til að heyra rithöfunda lesa úr nýútkomnum bókum sínum á árlegu Bókmenntahlaðborði Bókasafns Mosfellsbæjar fimmtudaginn 28. nóvember. Áður en dagskrá hófst léku Sigurjón Alexandersson og Ævar Örn Sigurðsson ljúfa jazztóna á gítar og bassa. Að vanda var létt stemning og fjörugar umræður, sem meðal annars snérist um mörk skáldskapar og veruleika.



Þeir höfundar sem lásu úr verkum sínum að þessu sinni voru Bjarki Bjarnason með bók sína *Gröf minninganna*, Jón Kalman Stefánsson sem las úr *Himintungl yfir heimsins ystu brún*, Kristín Svava Tómasdóttir önnur tveggja höfunda bókarinnar *Duna: Saga kvikmyndagerðarkonu* las úr bókinni sem fjallar um Guðnýju Halldórsdóttur kvikmyndagerðarkonu og Ragnhildur Þrastardóttir las úr *Eyju*, sem er hennar fyrsta skáldsaga. Katrín Jakobsdóttir leiddi umræður af stakri þrýði að þessu sinni, en hún stýrði Bókmenntahlaðborðinu í fjölda ára.

Leshópur félags eldri borgara hittist mánaðarlega í safninu og stjórnar starfsmaður bókasafnsins umræðum.



## Barnastarf

Barnastarf safnsins var blómlegt á árinu. Mikið var um skipulagðar heimsóknir frá leikskólum líkt og síðustu ár en einnig voru fjölbreyttir viðburðir í boði fyrir aðra gesti safnsins, t.a.m. sögustundir, leiksýningar, alls kyns smíðjur og upplestrar. Allir viðburðir fyrir börn í safninu eru gjaldfrjálssir.

### Skipulagðar heimsóknir leik- og grunnskóla

Öllum leikskólum bæjarins stendur til boða að bóka sögustund í safninu fyrir þrjá elstu árganga skólanna. Enn bættist við bókanir þetta árið og komu 122 hópar í pantaða sögustund í safninu (140 bókanir) árið 2024. Bókasafnið tók upp þá nýbreytni á árinu að bjóða starfsfólki leikskóla að panta sögustundir í gegnum bókunarvefinn Noona, og mæltist það vel fyrir.

Sögustundir fara fram í fjölnotasal safnsins, Fiskabúri. Ásamt því að lesa sögur fer fram safnfræðsla sem hæfir yngstu gestum safnsins, Listasalur Mosfellsbæjar er heimsóttur og í lokin fá börnin að njóta sín í barnahorni safnsins.



Á bæjarhátíðinni í túninu heima hefur sú hefð skapast að bjóða elstu börnum leikskólanna á leiksýningu. Í ár komu tæplega 180 börn úr öllum leikskólum bæjarins og horfðu á skemmtilega söngvasyrpu með Leikhópnum Lottu.

Auk leikskólaheimsókna er 4. bekk grunnskólanna í bænum sérstaklega boðið í safnkynningu. Öðrum aldurshópum sem óska eftir að fá að koma er að sjálfsgöðu tekið fagnandi. Á safnkynningum er leitast við að kynna starf safnsins og safnkostinn sjálfan fyrir nemendum, bæði með hefðbundum fyrirlestri og skemmtilegum ratleik í safninu. Fjórir grunnskólahópar komu í safnkynningu árið

2024. Einnig komu grunnskólahópar í safnið í skipulagðar heimsóknir með kennurum til að eiga huggulega stund, fá bækur að láni og/eða vinna verkefni. Helst voru það nemendur sem ekki hafa aðgang að bókasafni innan síns skóla.

### Klúbbastarf

Bóklúbbur ungmenna hóf göngu sína í safninu í lok árs 2024. Klúbburinn er opinn öllum á aldrinum 14-20 ára og hittist mánaðarlega. Bóklúbburinn á að vera afslappað umhverfi til þess að kynnast öðrum lesendum á svipuðum aldri og spjalla um bækur og öllu því sem þeim viðkemur. Ástrós Hind Rúnarsdóttir, bókmenntafræðingur og starfsmaður bókasafnsins, hefur umsjón með klúbbnum.

## Sögustundir

Einu sinni í mánuði er boðið upp á sögustund í lok dags fyrir gesti safnsins. Þessar sögustundir eru hugsaðar sem notaleg samverustund í lok dags fyrir börn og fjölskyldur. Sögustundirnar fara allajafna fram í fjölnotasal safnsins líkt og skipulagðar sögustundir leikskóla. Árið 2024 voru haldnar átta mánaðarlegar sögustundir sem allar voru vel sóttar.

Í sögustund marsmánaðar var lesin bókinn „Þekkir þú Línu langsokk?“ eftir Astrid Lindgren. Á sama tíma var Leikfélag Mosfellssveitar með barnasýningu í bæjarleikhúsinu um þessa sömu uppátækjasömu stúlku. Var því brugðið á það ráð að fá Línu og nokkra féлага hennar í heimsókn til að heilsa upp á gesti sögustundarinnar. Heimsóknin mældist afar vel fyrir hjá ungum sem öldnum og var gaman að sjá sögupersónuna Línu lifna við í sal safnsins.



Í síðustu sögustund vetrarins í maí og jólasögustundinni í nóvember/desember er hefð fyrir því að bjóða upp á leiksýningu eða rithöfundaheimsókn.

Í maí 2024 kom leikhópurinn Mikil ósköp í heimsókn og sýndu leikararnir Ellen Margrét Bæhrenz og Arnundur Ernst Backman barnaleikritið Ef ég væri grágæsi. Verkið fjallar um veruna Grjótgerði sem þráir það að vera ekki bara grá, heldur líka glöð og hýr á brá, líkt og grágæsin.

Í desember var það svo leikhópurinn Óhemjur sem setti á svið hjartnæma aðventusögu - Nátttröllið Yrsa; einmana á jólanótt. Aftur var það Ellen Margrét sem lék en með henni að þessu sinni var Helgi Grímur Hermannsson. Leikritið fjallaði um nátttröllið Yrsu sem sér fram á einmanalega jólahátíð þar sem foreldrar hennar og systkini eru öll orðin að steini. Til þess að hafa félagsskap um jólin fangar hún lítinn skógarþröst og læsir inni í hellinum sínum. Skógarþrösturinn hjálpar henni svo að sjá hlutina í nýju ljósi. Báðar sýningar voru uppfullar af tónlist, leik og dansi og tókust afskaplega vel.



### Vetrarfrí í grunn- og leikskólum

Í vetrarfrí grunn- og leikskóla leggur safnið sig fram við að bjóða upp á skemmtilega dagskrá fyrir börn og fjölskyldur. Í febrúar var boðið upp á tvær ólíkar smiðjur; annars vegar rappsmiðju og hins vegar töfrasmíðju. Rappsmiðjunnar var stýrt af Steinunni Jónsdóttur og Röggju Hólm úr hljómsveitinni Reykjavíkurdætrum. Í fyrri hluta smiðjunnar voru þátttakendur fræddir um rapptónlist og textasmíð. Í seinni hluta smiðjunnar fengu þeir að spreyta sig sjálfir og sömdu texta undir handleiðslu smiðjustýra sem þeir fluttu svo fyrir hópinn. Smiðjan vakti mikla lukku og heppnaðist mjög vel. Seinni daginn var boðið upp á töfrasmíðju með Einari Aroni töframanni. Þar lærðu þátttakendur töfrabrogð og fengu tækifæri til að æfa sig með aðstoð Einars Arons. Smiðjan var fljót að fyllast og var mikil ánægja með hana.

Í vetrarfrí í október voru einnig tvær smiðjur í boði. Sú fyrri var Svakalega sögusmiðjan – Hrekkjavökusögur. Þar gafst þátttakendum færi á að búa til hrikalegar hrekkjavökupersónur, skrifandi spennandi og hrollvekjandi sögur, ásamt því að teikna hryllilegar hrekkjavökumyndir. Smiðjustjórn var í höndum Evu Rúnar Þorgeirsdóttur, rithöfundar og Blævar Guðmundsdóttur, teiknara, barnabókahöfundar og grafíks hönnuðar. Síðari smiðjan var krakka macramé-smiðja þar sem þátttakendur lærðu að búa til lauf og regnboga með macramé hnýtingaraðferðinni. Báðar smiðjurnar heppnuðust ljómandi vel og voru vel sóttar.

### Hundar sem hlusta

Í samstarfi við félagið Vigdís – Vini gæludýra á Íslandi bauð safnið börnum að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda en hundarnir frá Vigdís eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Haldnar voru fjórar lestrarstundir á árinu sem allar voru fullbókaðar. Heimsóknirnar slá alltaf í gegn og eru allir hluteigandi aðilar; börn og foreldrar, lestrarliðar, starfsfólk á safni og hundar, mjög ánægðir með heimsóknina. Vert er að geta þess að safnið hefur fengið hrós fyrir góða aðstöðu í fjölnotasal safnsins sem heldur vel utan um verkefnið og þátttakendur þess.



## Barnabókasmakk

Í ár var ákveðið að breyta út af vananum þegar kom að Bókmenntahlaðborð barnanna. Viðburðurinn hafði aldrei náð sér almennilega á strik eftir covid-árin og mæting verið minni en væntingar stóðu til. Það var því ákveðið að prófa annað fyrirkomulag, þ.e. bjóða nú upp á upplestur á barnabókum í eftirmiðdaginn á virkum degi og styttu þá ögn tímann. Viðburðinum var einnig fundið nýtt nafn; Barnabókasmakk, enda voru það aðeins tveir höfundar sem lásu upp að þessu sinni og því erfitt að tala um hlaðborð. Rithöfundarnir sem komu í heimsókn voru Kristín Ragna Gunnarsdóttir og Hjalti Halldórsson. Mæting var framar öllum vonum, fjölnotasalur safnsins var nánast fullur og nándin við gestina bauð upp á heimilislegt andrúmsloft og skemmtilegt spjall. Miðað við viðtökur í ár verður stefnt að samskonar fyrirkomulagi að ári.



## Smiðjur

Skema í Háskólanum í Reykjavík kom með tvær tölvusmiðjur í safnið á árinu. Í apríl var boðið upp á Minecraft: Mod forritun og í nóvember Minecraft: Rafrásir. Aldursviðmið í báðar smiðjur var 8-12 ára. Skráning var í smiðjurnar og komust 17/20 börn að. Öll pláss fylltust fljótt og smiðjurnar tókust mjög vel.

Í maí bauð Hanna Dís Whitehead upp á skemmtilega listasmiðju fyrir börn í tengslum við sýningu hennar, Eiginleikar, í Listasal Mosfellsbæjar. Unnið var með litríkan pappírsvefnað þar sem mynstrum, litum og formum var blandað saman. Börn og fjölskyldur þeirra tóku vel í þennan viðburð og urðu til hin ýmsu pappírlistaverk þennan laugardaginn.

Í byrjun júní var boðið upp á tálgunarsmiðjur fyrir 6-12 ára börn í bókasafninu. Smiðjustjóri var Bjarni Þór Kristjánsson, handverksmaður og kennari. Tvær samskonar smiðjur voru keyrðar sama daginn og var hámarksfjöldi í hvora smiðju sjö börn. Smiðjurnar voru fljótar að fyllast og gengu glimrandi vel. Stefnt er að því að endurtaka leikinn á nýju ári.

Í júní var börnum á aldrinum 10-12 ára boðið upp á myndasögusmiðju í bókasafninu. Smiðjustjóri var Vilborg Bjarkadóttir, myndlistarkona. Smiðjan stóð yfir þrjá morgna og var þátttakendum kennt að skapa sínar eigin myndasögupersónur frá grunni, ásamt því að gæða hversdagslega hluti lífi. Það voru 18 börn sem skráu sig til leiks og tókst smiðjan einstaklega vel.

Staðsetning smiðja í safninu var sú sama og síðustu ár en allar smiðjur í barnastarfi fara fram í fjölnotasal safnsins. Breyting var hins vegar á fyrirkomulagi skráninga í smiðjur þetta árið en farið var að nota sumarfrístundarvefinn Völu í þeim tilgangi. Sú nýbreytni mældist heldur betur vel fyrir og hefur aukið á bæði skilvirkni og þægindi, bæði fyrir starfsfólk og notendur.



### Páskadagskrá

Í páskavíkunni var boðið upp á héra lengjuföndur í barnadeild safnsins og var allur efniviður, tæki og tól tiltæk fyrir þá sem vildu búa til fallett páskaskraut. Á mánudeginum í dymbilvíku var boðið upp á páskaperl í fjölnotasal safnsins. Sú smiðja var heldur betur vinsæl en þar gátu þátttakendur perlað sér fallett skraut og sett á það segulborða svo hægt væri að hengja á ísskápinn. Á þriðjudeginum í sömu viku var einnig boðið upp á páskaeggjaleit í safninu líkt og í fyrra. Þá voru plöstuð páskaegg falin í safninu og með því að finna þau gátu þátttakendur fengið alvöru páskaegg að launum. Sá viðburður var vel sóttur að venju.

### Safnanótt

Safnanótt fór fram 2. febrúar 2024. Dagskráin hófst um morguninn með opnun Litla skiptibókamarkaðsins. Á honum er börnum boðið að koma með gömlu bækurnar sínar og velja sér aðrar í staðinn. Í eftirmiðdaginn var boðið upp á fjölskyldudagskrá sem samanstóð af spilastund með Spilavinum og Macramé-smiðju þar sem þátttakendur lærðu að hnýta lauf með macramé-hnýtingaraðferðinni. Í Listasal Mosfellsbæjar var síðasti sýningardagur sýningarinnar „I think, therefore I am fucked“ eftir listmálarann Jakob Veigar Sigurðsson.

Mæting á viðburðina var afar dræm þetta árið. Um 10 gestir mættu í smiðjuna og enn færri spiluðu. Aðeins tveir mættu gagngert til að skoða listasýninguna. Erfið tímasetning og slæmt veður hefur án efa átt sinn þátt í afleitri mætingu.

### Bambaló

Í byrjun nóvembermánaðar var boðið upp á notalega tónlistarstund fyrir yngstu gesti safnsins. Í Bambaló lærðu gestir skemmtileg lög, leiki og æfingar sem efldu málþroska, hreyfingu, taktskyn og tóneyra barnanna. Stundin var ekki síður frábær vettvangur fyrir foreldra til að kynna öðrum foreldrum ungra barna. Umsjón hafði Sigrúnar Harðardóttur, fiðluleikari og tónlistarkennari og voru öll plássin nýtt.

## Dr. Bæk

Á vormánuðum kom Dr. Bæk í bókasafnið og bauð upp á ástandsskoðun á hjólum fyrir framan safnið. Doktorinn mætti með farandsskoðunarstöð og tiltæk verkfæri og vottaði um heilsu hjólhestanna. Þessi viðburður hefur fest sig í sessi síðustu ár og var vel sóttur.

## Sumarlestur og uppskeruhátíð

Sumarlesturinn fór að sjálfsögðu fram yfir sumarmánuðina en um er að ræða lestrarátak sem hvetur til yndislestrar hjá börnum yfir sumarið. Líkt og í fyrra tók safnið þátt í sameiginlegu sumarlestursverkefni sem í boði var í nær öllum almenningsbókasöfnum á landinu. Lestrarkort þessa



Lestrarkort í sumarlestri 2024.

sumars var hannað af Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, rit- og myndhöfundi, og Steingerði Lóu Gunnarsdóttur, leikjahönnuði. Að þessu sinni hafði lestrarkortið að geyma mynd af Skarkalabæ; bæ þar sem allir voru í svolitlum vanda staddir. Líkt og árið áður söfnuðu börnin límmiðum á kortið og eftir því sem límmiðarnir urðu fleiri því betri mynd fékkst af bænum. Límmiðana fengu börnin eftir að hafa lokið við lestraráskorun sem þau settu sér sjálf í samráði við foreldra/forráðamenn.

Einnig var hægt að nota kortið af Skarkalabæ sem spilaborð og spila orðaforðaaukandi borðspil. Að auki stóð þátttakendum til boða að fylla út bókaumagnir eins og verið hefur og skila inn í safnið. Einn heppinn þátttakandi var verðlaunaður með bók vikulega.

Ekki var eiginleg skráning í sumarlesturinn heldur lestrarkortin aðgengileg í afgreiðslu safnsins hverjum þeim sem hafði áhuga á að taka þátt. Út frá fjölda korta sem eftir sátu má áætla að fjöldi þátttakenda þetta árið hafi verið 285. Yfir sumarið má áætla að um 250 bókaumsögnum hafi verið skilað í safnið sem eru töluvert fleiri umsgnir en árið á undan.

Í lok sumars var lestrarhestum bæjarins fagnað með blöðrusmiðju í fjölnotasal safnsins. Blaðrarinn mætti með heilan haug af litskrúðugum blöðrum og kenndi réttu handtökin. Alls kyns hlutir og dýr litu dagsins ljós í smiðjunni; hundar af öllum stærðum og gerðum, sverð, framúrstefnuleg höfuðföt en einnig praktískir hlutir eins og klósettsetur, allt saman úr blöðrum! Hátíðin var mjög skemmtileg, tókst vel og mæting góð.



## Annað skemmtilegt í barnadeild

Í aðdraganda öskudags var settur upp búningaskiptimarkaður í safninu. Þá gátu gestir komið með búning og skipt fyrir annan. Mikil ánægja var meðal gesta um markaðinn en hreyfing á búningum var samt sem áður ekki mjög mikil.

Barnagetraun safnsins stóð vaktina líkt og síðustu ár en einu sinni mánuði er útbúin getraun sem gestir í barnadeild geta spreytt sig á. Spurningarnar tengjast allar barnabókum eða -menningu hverskonar og er þátttaka ætíð góð. Yfir vetrartímann er einn heppinn þátttakandi verðlaunaður með bók í hverjum mánuði. Alþjóðlegi bangsadagurinn, 27. október, á sinn sess í barnastarfi safnsins. Í tilefni af bangsadeginum þetta árið voru lesnar skemmtilegar bangsasögur í sögustund októbermánaðar. Gestum safnsins var síðan boðið að taka þátt í spennandi bangsaleit þar sem finna þurfti plastaðar myndir af bangsanum Fergusi sem lesið hafði verið um í sögustundinni. Þau sem fundu alla bangsana fengu svo þátttökuverðlaun; bangsalímmiða.

Í aðdraganda hrekkjavökunnar, sem einnig er orðinn fastur liður í barnastarfinu, var barnadeildin ásamt öðrum hlutum safnsins prýdd dásamlega hryllilegum skreytingum. Einnig var sett upp hrekkjavökugetraun þar sem þátttakendur þurftu að giska á réttan fjölda hlaupleðurlaka og -orma sem komið hafið verið fyrir í tveimur gegnsæjum leðurlökupokum. Sá eða sú sem rambaði á réttan fjölda, eða sem næst honum, vann svo innihald pokanna ásamt hryllilegri bók og andlitsmálningu til að græja sig fyrir sælgætisgönguna miklu á sjálfri hrekkjavökunni.



## Listasalur Mosfellsbæjar

Tíu sýningar voru settar upp í Listasal Mosfellsbæjar árið 2024. Auglýst var eftir umsóknum fyrir sýningarárið um vorið og bárust 28 umsóknir að þessu sinni. Sýningastjóri listasalarins og forstöðumaður bókasafns og menningarmála fóru yfir umsóknirnar og lögðu fram tillögu að sýningum fyrir menningar- og lýðræðisnefnd. Leitast var við að hafa sem fjölbreyttastar sýningar. Listamenn buðu í flestum tilfellum upp á leiðsagnir með sýningum sínum.

Fyrsta sýning ársins 2024 var Jakob Veigar Sigurðsson með sýninguna *I Think, Therefore I am Fucked*. Málverkið er hans aðal miðill og er innblásið af persónulegri reynslu, í gegnum samtali við náttúruna, baráttunni við alkóhólismann og samfélagið sem hann dvelur í á hverjum tíma. Stór málverk full af hreyfingu voru sýnd og vakti sýningin mikla athygli.



Á sýningunni *Við sjóinn* leiddi sýningarstjóri listasalarins saman tvo ólíka listamenn, þær Giitu Hammond og Löru Roje. Þær eiga það sameiginlegt að heillast af því sem finnst við sjávarmálið og er það samnefningarinn í þeirra verkum. Verkin sýna samspil móður náttúru og manngerðra hluta við strendur Íslands þar sem margt er að finna, „Eins manns rusl er annars manns gull“. Sýndar voru ljósmyndir í bland við sérstaka lampa sem gerðir eru m.a úr því sem finnst í fjörunni.

*Gróðurhula* var sýning eftir Þórunni Báru Björnsdóttur. Titill sýningarinnar vísar í landnemaþlöntur sem festa rætur í hrjóstugri jörð. Þær styrkja vistkeðjuna og greiða götu fjölbreyttra lífvera. Þegar gróðurhula myndast heldur hún raka og næringu að þlöntum og varnar hitasveiflum þannig að líf eigi möguleika á að dafna. Verkin á þessari sýningu voru ný akrílmálverk máluð með tilvísun til náttúru Íslands, aðallega á Surtsey.



Hanna Dís Whitehead setti upp sýninguna *Eiginleikar*. Á sýningunni mætust ólíkir eiginleikar efniviða, forma og hluta. Handverk og stafræn tækni, list og hönnun, leir og strá, viður og ull komu saman í fjölbreytta og mjög litríka muni sem finna má á heimilum fólks. Samhliða sýningunni var boðið upp á smíðju fyrir börn.

Á sýningunni *Viðloðun* kannaði Hye Joung Park efniskennend leirs í skúlptúragerð. Hér minnir hann á eiginleika líkama, hvað varðar þyngd, hreyfanleika og mikilvægi jafnvægis í tilverunni. Verkin kanna skynjun eins og snertingu og dýpt. Verkin varpar upp hugrænni mynd af tilverunni í hnattrænum heimi.

Þorgerður Jörundsdoóttir setti upp sýninguna *Allt of mikil náttúra*. Tvívíð myndverk og þrívíð verk sem eru annars vegar unnin með bleki þar sem teiknað er ofan í með tússi og hins vegar blýantsteikningar. Efniviðurinn er á mörkum þess að vera óhlutbundinn

og fígúratívur og sóttur í margvísleg náttúruform. Verkin eru unnin í miklum smáatriðum og undir stækkunargleri. Formin eru allt frá því að vera stór og afgerandi að því að vera örsmá og vart sjáanleg nema við grandskoðun. Þrívíðu verkin voru úr fjölbreyttum efnivið, þar er notast við rekavið, gifs, leir og léreft í bland.

*Smávægilegar endurfæðingar*, sýning eftir Ólöfu Björgu Björnsdóttur var sett upp í ágúst. Sýningin spannar um þriggja ára tímabil frá því að hún festi kaup á vinnustofu/heimili/galleríi í gömlu Álafossverksmiðjunni. Verkin eru nokkurs konar myndræn ljóð um upplifanir í Kvosinni og það ástand þegar flæðið nær punkti þess sem við getum kallað andans stund eða uppljómun. Stór olíuverk í bland við minni verk ýmist gerð með vatnslitum eða blandaðri tækni.

Magga Eddudóttir opnaði sýninguna *Vinsamlegast gerðu uppreisn* (e. Please Revolt ). Magga Eddudóttir hefur síðustu ár unnið mikið með hugmyndir og tilfinningar sem tengjast frelsi og hefur málstaður Palestínu átt hug hennar allan undan farið ár. Birtingarmynd frelsis í myndlist Möggu Eddudóttur er nokkuð óræð. Hún fylgir tilfinningu sem leiðir hana í gegnum sköpunarferlið, oft fer hún úr heimi fullum af táknum og fígúrum yfir í abstrakt. Sum verkin eru ákallandi og bera vott um neyð en á sama tíma eru þau svar eða sefun við yfirvofandi ákalli, einskonar hugleiðsla. Magga fór í viðtal hjá útvarpsþættinum Lestin, og á meðan spreyaði hún á vegg í Listasalnum „Free Palestine!“



List án landamæra er listahátíð sem leggur áherslu á list fatlaðs fólks og er eini vettvangurinn á Íslandi sem leggur alfarið áherslu á listsköpun fatlaðs listafólks og hefur skapað sér sérstöðu innan menningarlífsins á Íslandi.

List án landamæra setti upp samsýningu með myndlistarfólki sem á einn eða annan hátt fjalla um sögu, menningu eða áhrif Bandaríkjana. Sýnendur voru fimm talsins. Kaja María Melerð Valsdóttir var með verk sem hún heiðrar minningu þeirra sem féllu í árásinni á Tvíburaturnana í New York með því að skrifa upp öll nöfn þeirra á blað.

Lilja Dögg Birgisdóttir var með verk sem samanstróð af átta málverkum, kúrekahöttum og myndbandi. Málverkin og hattarnir endurspeglu hugarheim listakonunnar sem einkennist af gleði og ævintýrum.

Ian Anthony Cathcart-Jones hefur mikinn áhuga á kvikmyndum og sjónvarpi og gerði ótrúlega nákvæmar eftirmyndir af kreditlistum kvikmynda.

Guðrún Lára Aradóttir sýndi eina útsaumsmynd af Dolly Parton og Vilhjálmur Guðmundsson sýndi teikningarnar af soldátum beggja megin við Þrælastírðið 1861-65.



Jóla-listamarkaður opnaði í enda nóvember og tóku 53 listamenn þátt. Listamenn komu með tvö verk hver sem ekki var stærra en 1x1 m. 106 listaverk voru til sýnis og sölu og fór öll sala óskipt til listamanna. Þar mátti finna allt frá litlum vatnslitamyndum, málverkum, skúlptúrum, textílverkum og verkum sem hafa eitt sinn verið barnadót, en eru núna klaufalegar verur sem eiga ekki heima í þessari veröld.

Markaðurinn kemur til í framhaldi af samþykkt Menningar- og lýðræðisnefndar um að síðasta sýning ársins yrði að þessu sinni listaverkamarkaður í stað hefðbundinnar sýningar. Hugmyndin kom frá íbúa, þótti áhugaverð og til þess fallin að styðja við listafólk í bænum.

Markaðurinn tókst einstaklega vel og er lagt til að endurtaka markaðinn að ári liðnu, í nóvemberlok 2025.



## Kynningarmál

Starfsemi Bókasafnsins og Listasalarins var vel kynnt á ýmsum miðlum. Á heimasíðu Bókasafnsins, bokmos.is, er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar svo sem útlánareglur, gjaldskrá o.þ.h. Þar eru birtar fréttir um starfsemi safnsins og allir viðburðir kynntir.

Bókasafnið hefur hálfu síðu til umráða í bæjarblaðinu Mosfellingi sem kemur að jafnaði út á fjögurra vikna fresti.

Bókasafnið og Listasalurinn hafa hvort sína Facebook síðu svo og Instagram síðu og eru þær nýttar á fjölbreyttan hátt. Komið er á framfæri upplýsingum um afgreiðslutíma og viðburði, birtar myndir úr daglegu starfi, kynntar nýjungar og haldið uppi virku samtali við gesti.

Instagram síður fyrir Bókasafnið annars vegar og Listasalinn hins vegar birtu myndir úr starfi safnsins. Nýtist sá miðill vel til að koma upplýsingum á framfæri.

## Nýbreytni á árinu

Ný sjálfsafgreiðsluvél var tekin í gagnið í mars á þessu ári, en sú sem fyrir var hafði gegnt sínu hlutverki í 13 ár. Nýja vélin getur lesið rafræn bókasafnsskírteini, en sífellt fleiri kjósa að hafa skírteinin í símanum.

Snemma árs hóf safnið innkaup á pólskum barnabókum, í gegnum [polishbooks.is](http://polishbooks.is). Á safnið nú góðan forða af nýjum pólskum barnabókum.



Á árinu 2025 verður nýr teljari settur upp við inngang safnsins, og er þá að nýju hægt að mæla heimsóknir.



## Lykiltölur

Fjöldi virkra lánþega, þ.e. lánþegar sem fengu lánuð áþreifanleg gögn á árinu, var **2528** á árinu 2023 en **3433** á árinu 2025.

Fjölgunin dreifist nokkuð jafnt yfir mismunandi aldurshópa:

Lánþegum fæddum milli 2010-2019 fjölgaði um 41, lánþegum fæddum 1990-1999 fjölgaði um 118, lánþegum fæddum 1980-1989 fjölgaði um 143, lánþegum fæddum 1970-1979 fjölgaði um 102, lánþegum fæddum 1960-1969 fjölgaði um 114, lánþegum fæddum 1950-1959 fjölgaði um 204, lánþegum fæddum 1940-1949 fjölgaði um 166, lánþegum fæddum 1930-1939 fjölgaði um 13.

Það fækkar í einum aldurshópi, og það er meðal einstaklinga fæddum 2000-2009. Virkir lánþegar eru þar 248 en voru 266.

### Virkir lánþegar eftir áratug

#### Fjöldi lánþega og fjöldi útlána eftir fæðingarátug

Bókasafn Mosfellsbæjar 2024

Fæðingarátugur	Fjöldi lánþega í áratug			Fjöldi lánþega í áratug
	Annað eða ótilgreint	Karl	Kona	
0-9	37		1	38
1900-1909	1			1
1920-1929			1	1
1930-1939		18	28	46
1940-1949		100	230	330
1950-1959		118	368	486
1960-1969	1	83	302	386
1970-1979		90	321	411
1980-1989		135	448	583
1990-1999	1	88	278	367
2000-2009		70	178	248
2010-2019	3	221	300	524
2020-2029		5	7	12
Grand Total	43	928	2,462	3,433

## Útlán, endurnýjanir og skil eftir afgreiðsluborði

Skýrslan telur útlán, endurnýjanir og skil eftir útlánaborði / sjálfsafgreiðsluvél, sem fóru fram á safninu sjálfu óháð því hvaða safn átti gögnin. Í töflunni eru útlán og endurnýjanir ekki lagðar saman því aðeins hluti af endurnýjunum á efni safnsins kemur í skýrsluna þar sem endurnýjanir á vef teljast ekki með því þau fóru ekki fram á safninu.

Bókasafn Mosfellsbæjar 2024

Mánuður	MOSAA Afgreiðsla			MOSAA Sjálfsafgreiðsluvél			Útlán	Endurnýjanir	Skil
	Útlán	Endurnýjanir	Skil	Útlán	Endurnýjanir	Skil			
janúar	2,672	365	2,561	795	11	949	3,467	376	3,510
febrúar	2,727	340	2,768	829	27	694	3,556	367	3,462
mars	2,480	294	2,558	1,011	23	841	3,491	317	3,399
apríl	2,471	326	2,562	1,040	2	936	3,511	328	3,498
maí	2,388	388	2,687	984	7	966	3,372	395	3,653
júní	2,298	318	2,224	1,172	5	1,000	3,470	323	3,224
júlí	2,821	566	3,094	1,656	7	1,214	4,477	573	4,308
ágúst	2,383	456	2,733	1,178	8	1,093	3,561	464	3,826
september	2,107	398	2,276	1,303	12	1,109	3,410	410	3,385
október	2,537	368	2,557	1,390	16	1,227	3,927	384	3,784
nóvember	2,025	376	2,389	1,536	4	1,319	3,561	380	3,708
desember	1,792	399	2,501	1,133	21	1,075	2,925	420	3,576
<b>Grand Total</b>	<b>28,701</b>	<b>4,594</b>	<b>30,910</b>	<b>14,027</b>	<b>143</b>	<b>12,423</b>	<b>42,728</b>	<b>4,737</b>	<b>43,333</b>

Á árinu 2023 voru útlán í afgreiðslu 34,676 en 28,701 á árinu 2025. Þeim fækkar þannig um 5,975. Útlán í sjálfsafgreiðsluvél voru hinsvegar 9,117 á árinu 2023 en 14,027 á árinu 2024. Þeim fjölgar því um 4910.

## Útlán eftir mánuðum

2024 Bókasafn Mosfellsbæjar

Mánuður	Fjöldi útlána	Fjöldi endurnýjana	Útlán og endurnýjanir	Fjöldi skila
janúar	3,432	934	4,366	3,481
febrúar	3,572	802	4,374	3,401
mars	3,474	800	4,274	3,339
apríl	3,521	858	4,379	3,530
maí	3,375	876	4,251	3,658
júní	3,465	869	4,334	3,193
júlí	4,436	1,041	5,477	4,169
ágúst	3,543	1,054	4,597	3,812
september	3,377	1,030	4,407	3,343
október	3,937	913	4,850	3,765
nóvember	3,546	993	4,539	3,680
desember	2,896	943	3,839	3,564
	<b>42,574</b>	<b>11,113</b>	<b>53,687</b>	<b>42,935</b>